

Reykjavík, febrúar 2021

Efni: Upplýsingar um bækling til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) vilja vekja athygli á bæklingi sem gefinn var út árið 2019 og endurútgefinn 2021. Markmið bæklingsins er að ná betur til foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna og fræða þau um kosti þess að börn og ungmenni séu þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi.

Í bæklingnum eru hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttta- og ungmennafélaga landsins. M.a. eru þar upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki sveitarfélaga, kosti þess að stunda reglubundna hreyfingu í skipulögðu starfi og lögð er áhersla á mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í íþróttaiðkun og starfi barnanna.

Bæklingurinn var upphaflega á sex tungumálum, en nú hefur tveimur tungumálum verið bætt við. Hann er á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku, filippseysku, arabísku og víetnömsku.

Allt efnið er aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðum ÍSí og UMFÍ (sjá: www.isi.is og www.umfi.is).

Við viljum hvetja sveitarfélög til að hjálpa okkur að ná til foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna og ýta þannig undir að þau verði þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi.

Niðurstöður rannsókna sýna að þátttaka í skipulögðu íþróttta- og æskulýðsstarfi hefur ýmis jákvæð áhrif á líðan og hegðun ungmenna, í því sambandi má nefna:

- Þau eru líklegri til að vera heilsuhraustari og líða betur andlega, líkamlega og félagslega heldur en þau börn sem taka ekki þátt í starfinu.
- Þau fá útrás fyrir hreyfipörf sína og nota síður tóbak, áfengi eða önnur vímuefni.
- Þau læra að takast á við sigra og töp, setja sér markmið, sýna vinnusemi og tillitsemi, vinna í hóp, virða skoðanir annarra og fara eftir reglum.
- Íþróttaiðkun ýtir undir mikilvæg gildi eins og liðsanda, einingu og umburðarlyndi.

Hver er staðan í þínu sveitarfélagi?

Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknnum og greiningu (R&g) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Þar er m.a. skoðað hversu ánægðir nemendur sem stunda íþróttir eru með þjálfarann, aðstöðuna, íþróttafélagið og helstu áherslur þjálfarans í starfinu. Einnig eru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti eins og vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd ásamt þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í starfinu. Niðurstöður síðustu ára sýna að börn af heimilum þar sem ekki er töluð íslenska eru helmingi ólíklegri til að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi en þar sem íslenska er eingöngu töluð á heimilinu. Ávinningur þess að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er margvíslegur, bæði á þátttakendurna sjálfa, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt og því mikilvægt að ná betur til hópsins.

Hægt er að greina niðurstöður frá R&g niður á sveitarfélög og íþróttahéruð og var skýrsla með niðurstöðum Ángæjuvogarinnar send út á öll íþróttahéruð á síðasta ári.

Með bréfi þessu hvetjum við sveitarfélög, íþróttahéruð og íþróttafélög til að koma þessum upplýsingum á framfæri við þá aðila sem starfa eða eru í tengslum við fjölskyldur af erlendum uppruna. Það er velkomið að hafa samband við tengiliði verkefnisins, sjá hér fyrir neðan, fyrir frekari upplýsingar og eins ef óskað er eftir prentuðum eintökum af bæklingunum.

Með bestu kveðju,
Fyrir hönd verkefnisins.

Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Netfang: ragnhildur@isi.is og
Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Netfang: ragnheidur@umfi.is.